

998

MERKTIR LAXAR VEIDDIR UTAN ÍSLANDS

Þór Guðjónsson

Veiðimálastofnun

VMST-R/89035

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



1989

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

MERKTIR LAXAR VEIDDIR UTAN ÍSLANDS

Pór Guðjónsson

Veiðimálastofnun

Laxamerkingar

Merkingar á laxi veita ýmiskonar upplýsingar um líf hans, þar á meðal um göngur hans og ratvisi. Lax hefur verið merktur á vegum Veiðimálastofnunar kerfisbundið síðan 1947. Merkt hafa verið sjögönguseiði, göngulax á leið upp í ár og hoplax. Framan af var að mestu notast við uggaklippingar og þá jafnan klipptir af tveir uggar, seinna komu til sögunnar plastmerki með áletrun sem fest voru á fisk með silfurvír og síðar með stálvír eða með nylónþræði. Verulegar framfarir í gerð fiskmerkja til nota á gönguseiði urðu með tilkomu svokallaðra Carlin-merkja upp úr 1950. Þau voru með virlegg á milli áfestingarhluta merkisins og merkisins sjálfs þannig að seiðin gátu vaxið verulega í sjónum án þess að merkið tapaðist af. Á kynþroska lax og hoplax voru einnig notuð svökölluð Lea-merki ("hydrostatic"-merki) sem voru með litlum sívölum hólk með bréfi innan í. Nú í seinni tið hafa einnig verið notuð slöngumerki ("spaghetti"-merki, líka nefnd slöngumerki) með áþrykkum númerum.

Örmerki

Á árinu 1974 var byrjað að merkja laxaseiði í Laxeldistöðinni í Kollafirði með örmerkjum, en þau eru örsmáir, segulmagnaðir vírbútar með áristum skorum eftir ákveðnu kerfi. Einstakir seiðahópar eru merktir með sömu áristu einkennnum en töluverða fjölbreytni má hafa á áristunum. Örmerkjum er skotið inn í trjónu seiðanna og eru örmerktu seiðin auðkennd með því að klippa af þeim veiðiuggann. Við endurheimtur er höfði uggaklipptu laxanna brugðið að sérstöku merkjaleitartæki. Ef örmerki er í laxi vælir tækið. Síðan er merkið fjarlægt úr trjónu laxins og einkennin á því lesin undir smásjá. Kostir þessarar merkingaraðferðar umfram aðrar eru þær að hún er

hraðvirkari, seiðin verða fyrir minna hnjasíki við merkinguna og afföll af merktum löxum eru minni en t. d. af þeim Carlin-merktu (Árni Ísaksson og Peter Bergman 1978). Frekari upplýsingar um fiskmerkingar er að finna í grein Sumarliða Óskarssonar og Árna Ísakssonar í ritinu Hafbeit.

Umfang merkinga

Merkingar á villtum gönguseiðum í Úlfarsá voru framkvæmdar á árunum 1947 til 1969 aðallega með uggaklippingum. Á árinu 1966 hófust merkingar á gönguseiðum með Carlin-merkjum í Laxeldisstöðinni í Kollafirði. Merkt voru þar 8.000 til 11.000 gönguseiði árlega fram til 1974 en síðan 2.000 flest árin til 1983. Eins og áður sagði hófust örmerkingar í Kollafirði 1974. Voru þá örmerkt 14.000 gönguseiði. Árið eftir var byrjað að örmerkja annars staðar, fyrsta árið 12.000 gönguseiði. Örmerkingar hafa aukist verulega síðan og örmerktum seiðum hefur verið sleppt í vaxandi fjölda áa og eldisstöðva. Á árunum 1982 til 1984 voru örmerkt um 150.000 gönguseiði hvert ár, en færri, eða frá 55.000 til 117.000, næstu þrjú árin. (Sumarliði Óskarsson og Árni Ísaksson 1988). Á árinu 1988 voru örmerkt 238.000 gönguseiði. Var þeim sleppt í ár og hafbeitarstöðvar viðsvegar um landið. Gönguseiðamerkingar hafa farið fram aðallega í fiskeldisstövum. Merkingar á viltum gönguseiðum hafa verið framkvæmdar á nokkrum stöðum, minna en skyldi, vegna þess hve veiði gönguseiða í ánum er timafrek og afraksturinn jafnan lítill.

Endurheimtur erlendis

Það yrði mikið mál að gera grein fyrir öllum laxamerkingum sem fram hafa farið á vegum Veiðimálastofnunar og annara. Verður það að bíða betri tíma. Etlunin er að þessu sinni að fjalla fyrst og fremst um laxa er hafa verið merktir hér á landi sem gönguseiði og veiðst hafa utan Íslands.

Á árunum 1967 þar til í ársbyrjun 1988 hefur alls verið skilað 21 laxamerki erlendis frá, þar af 11 Carlin-merkjum og 10 örmerkjum. Við Vestur Noreg veiddist einn lax (1970), 6 á Færeyjasvæðinu og einn í Leynavatni í Færeyjum, einn við Austur

Grænland (1985) og 12 við Vestur Grænland. Einn laxanna veiddist sama árið og hann gékk úr ánni en hinir árið eftir, sjá Töflu 1. Flestir laxanna voru úr Laxeldisstöðinni í Kollafirði eða 12 talsins. Hinir laxarnir 9 voru frá eftirtöldum stöðum: frá hafbeitarstöðinni í Lárósi einn, veiddur við Vestur Grænland 1986, Miðfjarðará tveir, veiddir 1985, annar við Vestur Grænland og hinn á Færeyjasvæðinu, Svartá í Húnavatnssýslu tveir, annar veiddur við Vestur Grænland 1986 og hinn á Færeyjasvæðinu 1987, Laxá í Aðaldal einn, veiddur við Vestur Grænland 1988, Selá í Vopnafirði einn, veiddur á Færeyjasvæðinu 1984, Vesturdalsá í Vopnafirði einn, veiddur við Austur Grænland 1985, og Skaftá einn, veiddur suður af Færeyjum 1968.

Laxagöngur um úthafið

Af ofanrituðu má sjá að íslenskir laxar ganga langar leiðir um hafið. Ekki er þó vitað hvaða leiðir þeir velja áleiðis til þeirra staða þar sem þeir hafa veiðst. Eftirkortarvert er að laxar frá hinum ýmsu stöðum á landinu geta farið ýmist suður og vestur í Atlantshaf og alla leið til Vestur Grænlends eða austur í haf og jafnvel til Vestur Noregs. Í ritinu Hafbeit er fjallað um laxagöngur um úthafið og skal vísað til þess um frekari upplýsingar um slikein göngur (Pór Guðjónsson 1988).

Endurheimt laxamerki frá fjarlægum stöðum veita upplýsingar um hvor íslenskir laxar hafa veiðst á miðunum en ekki í hve miklum mæli. Vitað er að öll merki af merktum löxum sem veiðast komast ekki til skila. Fyrir því geta verið margar ástæður, svo sem skilningsleysi, trassaskapur eða hræðsla við að skila merkjum. Við skilatregdu bætist að áfest merki falla af löxunum. Í tilraun sem gerð var í Kollafjarðarstöðinni 1974 og 1975 kom fram að tap á Carlin-merkjum á löxum sem gengu upp í stöðina var að meðaltali um 10% (Árni Ísaksson og Peter Bergman 1978).

Við skoðun á Töflu 1 kemur í ljós að öll Carlin-merkin nema eitt koma fram á fjarlægum stöðum á árunum 1968 til 1975, en á þeim árum voru merkt að meðaltali um 9.500 gönguseiði árlega með Carlin-merkjum eins og áður segir. Þrátt fyrir

fjöldamerkingar með örmerkjum lengst af síðan 1974 endurheimtist ekki örmerki frá sjávarveiðunum fyrr en 1984, en þá voru Færeyingar byrjaðir að leita að örmerkjum í laxi í veiðunum. Á Vestur Grænlandi hófst örmerkjaleit á laxveiði-vertiðinni 1986. Á árunum 1986 til 1988 hafa fundist 217 örmerki í löxum og voru 6 þeirra frá Íslandi eða 2,8 %.

Hoplaxamerkingar

Talsvert hefur verið merkt af hoplöxum hér á landi eftir kreistingu þeirra í klak. Eftir merkingu hafa þeir gengið í sjó um haustið, veturinn eða vorið og hafa lang flestir dvalist þar í fáa til nokkurra mánuði áður en þeir hafa gengið aftur í ferskt vatn þar sem þeir hafa veiðst. Sennilega ganga slikir hoplaxar ekki langar leiðir um hafið. Vitað er um nokkra hoplaxa sem hafa dvalist árlangt eða lengur í sjó og er þá líklegt að þeir gangi lengra frá heimaánni en hinir sem stytttri dvöl hafa í sjó. Vitað er um tvo hoplaxa sem lagt hafa leið sína til Vestur Grænlands, annar var veiddur þar 1972, var merktur og honum sleppt. Hann veiddist í júnílok 1973 í Laxá í Döllum, sjá nánar síðar. Hinn hoplaxinn var veiddur á stöng í Grimsá í Borgarfirði 7. júlí 1985. Hann var merktur með slöngumerki og því næst sleppt í ána. Laxinn veiddist við Vestur Grænland 25. ágúst 1986. Vætanlega hefur hann hrygnt í Grimsá um haustið 1985 og síðar gengið aftur í sjó. Hefði laxinum enst líf hefði hann sennilega gengið aftur í Grimsá sumarið 1987 og þá eftir rúmlega árs veru í sjó.

Viðauki

Þó að hér að ofan hafi verið fjallað um laxa merkta sem gönguseiði hér á landi og sem endurheimst hafa erlendis, þykir ekki úr veki að geta í lokin um tvo laxa merkta erlendis sem veiðst hafa hér á landi. Lax með Lea-merki veiddist 15 ágúst 1972 í Svartá í Húnvatnssýslu. Laxinn vög 13 pund. Í merkinu var miði með áletrun á ensku og rússnesku. Var ætlast til að merkið væri sent til Fiskirannsóknarstofnunarinnar í Lowes-

toft í Englandi. Var það gert, en upplýsingar hafa ekki fengist um uppruna laxins. Telja má líklegt að hann hafi komið frá Norður Rússlandi eins og bleiklaxinn sem gékk hér í ár og veiddist aðallega á sjöunda áratugnum. Hinn laxinn var merktur við Vestur Grænland sumarið 1972, eins og áður getur, og veiddist 30. júní 1973 í Laxá í Döllum. Þetta var hrygna, 77,5 cm að lengd og vög 10 pund. Hún hafði verið 3 ár í fersku vatni og 3 vetur í sjó. Hafði hún hrygnt eftir two vetur í sjó og síðar haldið til Vestur Grænlands þar sem hún var merkt einhvern timann síðla sumars 1972.

Pakkir

Þakka ber Sumarliða Óskarssyni, sérfræðingi á Veiðimálastofn, sérstaklega fyrir upplýsingar sem hann hefur veitt höfundi um endurheimtur örmerktra laxa en hann hefur um margra ára skeið haft umsjón með laxamerkingum á stofnuninni og hefur lesið af flestum af þeim örmerkjum sem henni hafa borist.

Janúar 1989.

TAFLA 1. LAXAR MERKTIR SEM GÖNGUSEIÐI VEIDDIR UTAN ÍSLANDS

Merkir ár	Fjöldi merktur	Sleppi- staður	Endurv. ár	Tala endurv.	Endurveitt staður
1966	8.367	Kollafj.	1967	1	Vestur Grænland
1966	10.061	Skaftá	1968	1	Færeyjasvæðið
1969	7.586	Kollafj.	1970	1	Vestur Noregur
1971	9.079	"	1972	1	Færeyjasvæðið
1971	"	"	1972	1	Vestur Grænland
1972	9.230	"	1973	1	" "
1974	10.300	"	1975	2	" "
1974	"	"	1975	1	Færeyjasvæðið
1974	"	"	1975	1	Vatn í Færeyjum
1980	2.000	"	1981	1	Vestur Grænland
1983	2.002	Selá, Vf.	1984	1	Færeyjasvæðið
1984	12.587	Miðfj.á	1985	1	" "
1984	"	"	1985	1	Vestur Grænland
1984	10.537	Vesturd.á	1985	1	Austur Grænland
1985	3.706	Lárós, Snæf.	1986	1	Vestur Grænland
1985	2.513	Svartá, Hvs.	1986	1	" "
1986	4.009	"	1987	1	Færeyjasvæðið
1987	26.560	Kollafj.	1988	2	Vestur Grænland
1987	8.012	Laxá, Aðald.	1988	1	" "

Heimildir

Árni Ísaksson & Peter Bergman. 1978. An evaluation of two tagging methods and survival rates of different age and treatment groups of hatchery-reared Atlantic salmon smolts. J. Agr. Res. Icel. 10.2:74-99.

Guðni Þorsteinsson & Þór Guðjónsson. 1986. Experimental salmon fishing at East-Greenland in summer 1985 and recapture of tagged fish. ICES, C.M. 1986/M:25, 11 bls..

Sumaliði Óskarsson & Árni Ísaksson. 1988. Merkingar. Hafbeit: Ráðstefna í Reykjavík. Veiðimálastonunin. 264-273.

Þór Guðjónsson. 1988. Laxagöngur í úthafinu. Hafbeit: Ráðstefna í Reykjavík. Veiðimálastofnunin. 44-61.